



Greinargerð

Eyja- og Miklaholtshreppur – samstarf og sameiningarkostir

Unnið af starfsfólki SSV

Júlí 2017

Inngangur

Með erindi dagsettu 18.06 2017 óskaði Eyja- og Miklaholtshreppur eftir því að Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV) myndu taka saman greinargerð um samstarf Eyja- og Miklaholtshrepps við önnur sveitarfélög á Vesturlandi sem og samstarf íbúa við íbúa í öðrum sveitarfélögum. Þessi samantekt yrði síðan grunnur fyrir frekari skoðun á þeim valkostum sem Eyja- og Miklaholtshreppur hefur varðandi sameiningar við sveitarfélög á Vesturlandi. Við lítum svo að það séu fyrst og fremst þrjú valkostir sem hreppurinn stendur frammi fyrir í dag varðandi sameiningu, í fyrsta lagi að taka þátt í viðræðum Grundarfjarðarbæjar, Helgafellssveitar og Stykkishólmsbæjar sem eru í gangi þessa dagana, leita eftir sameiningu við Snæfellsbæ eða Borgarbyggð. Við lítum svo að sameining allra sveitarfélaga á Snæfellsnesi sé ekki inn í myndinni þessa stundina og því er sá valkostur ekki skoðaður frekar auk þess sem sameining allra sveitarfélaga á Vesturlandi er heldur ekki talin vera valkostur í dag. Loks er rétt að nefna að hér eru heldur ekki skoðaðir kostir og gallar þess að Eyja- og Miklaholtshreppur starfi áfram sem sérstakt sveitarfélag.

Markmið þessarar greinargerðar er því tvíþætt, annars vegar að kortleggja samstarf Eyja- og Miklaholtshrepps við önnur sveitarfélög og hins vegar að lista upp helstu valkosti sem hreppurinn hefur varðandi sameiningar við önnur sveitarfélög á Vesturlandi.



Samstarf eða sameiningar sveitarfélaga

Um árabíl hefur verið umræða um það hvernig hægt sé að styrkja sveitarstjórnarstigið á Íslandi. Rökin fyrir því hafa verið þau að með því að styrkja sveitarstjórnarstigið væri hægt að færa fleiri verkefni frá ríki til sveitarfélaga og þannig færa ákvörðunarvaldið nær íbúum og auka líkurnar á því að opinber þjónusta yrði sniðin að óskum þeirra. Auk þess sem sterkara sveitarstjórnarstig er talið geta leitt til jákvæðari byggðaþróunar og eftt búsetu á landsbyggðinni. Íslendingar hafa einkum horft til þriggja leiða til að ná þessu fram; sameiningu sveitarfélaga, samstarfs sveitarfélaga og stofnunar þriðja stjórnarsýslustigsins sem yrði millistig á milli ríkis og sveitarfélaga.

Segja má að umræðan um þriðja stjórnarsýslustigið hafi ekki haft mikinn hljómgrunn. Þó má benda á að á árunum frá 1970 og fram til 1985 var töluverð umræða um þriðja stjórnarsýslustigið á Íslandi en hún skilaði sér ekki í nýjum sveitarstjórnarlögum árið 1986 og því fjaraði undan henni. Samt sem áður skýtur hugmyndin um þriðja stjórnarsýslustigið af til upp í umræðunni um eflingu sveitarstjórnarstigsins. Í skýrslu sem Rannsóknarstofnun Háskólans á Akureyri gaf út árið 2016 um samstarf sveitarfélaga á Íslandi var spurt um afstöðu sveitarstjórnarmanna til stofnunar þriðja stjórnarsýslustigsins og kom í ljós að aðeins 24% sveitarstjórnarmanna vildu að stofnað yrði til þriðja stjórnarsýslustigsins. (RHA 2016 bls. 71)

Mörg sveitarfélög hafa átt í samstarfi við nágretta sína um ýmskonar verkefni. Þetta hefur komið sér vel fyrir þau og sérstaklega hafa fámennari sveitarfélögin nýtt sér þennan möguleika. Í gegnum samstarf hafa þau getað tekið við ýmsum verkefnum frá ríkinu, hagrætt, bætt þjónustu við íbúa og þannig stuðlað að jákvæðari byggðaþróun. Samstarfi sveitarfélaga á Vesturlandi má í meginráttum skipta í sex þætti;

- a. Samband íslenskra sveitarfélaga eru heildarsamtök sveitarfélaga á landinu og hafa verið starfrækt síðan 1945. Helstu verkefni þess eru; gæta hagsmuna sveitarfélaga, að vera fulltrúi sveitarfélaganna gangvart ríkisvaldinu, þjónusta sveitarfélögin í vinnumarkaðsmálum og kjarasamningagerð, taka þátt í ýmsum alþjóðlegum samskiptum f.h. íslenskra sveitarfélaga og vinna að almennri fræðslu um sveitarstjórnarmál. Öll íslensk sveitarfélög eru aðilar að sambandinu.
- b. Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV) voru stofnuð 1969. Aðild að samtökunum er ekki lögbundin en öll sveitarfélögin á Vesturlandi eru aðilar. Markmið samtakanna er að gæta hagsmuna sveitarfélaganna og veita þeim ýmsa þjónustu, að efla samstarf þeirra, kynna kosti Vesturlands og auka samkennd. SSV sinnir ýmsum verkefnum sem ríkið hefur útvistað til þeirra og má þar nefna atvinnuráðgjöf og ýmis byggðaþróunarverkefni, almenningsamgöngur á Vesturlandi, ráðgjöf og stuðningur í menningarmálum og aðkoma að málefnum fatlaðra. Þá á SSV allt hlutfélag í Vesturlandsstofu og er aðili að Starfsendurhæfingu Vesturlands fyrir hönd sveitarfélaganna. Þá rekur SSV Sorpurðun Vesturlands sem er hlutfélag í eigu sveitarfélaganna. Sveitarfélögin á Vesturlandi eru aðilar að Heilbrigðiseftirliti Vesturlands og Símenntunarmiðstöð Vesturlands.
- c. Héraðsnefndir. Við gildistöku nýrra sveitarstjórnarlaga árið 1986 voru sýslunefndir lagðar niður og í stað þeirra höfðu sveitarfélögin heimild til að stofna héraðsnefndir. Sumar héraðsnefndir fengu veigamikil verkefni en aðrar mun minna. Héraðsnefnd Snæfellsness er dæmi um héraðsnefnd sem tók að sér ýmis verkefni, en nýverið var samþykkt að flytja verkefni hennar í sérstakt byggðasamlag.
- d. Byggðasamlög. Fjöldmörg sveitarfélög hafa stofnað byggðasamlög utan um sameiginleg rekstrarverkefni s.s. skóla, slökkvilið, leikskóla, félagsþjónustu o.s.frv. Í 94 gr. sveitarstjórnarlaga nr.138/2011 er sérstaklega kveðið á um byggðasamlög.

- e. Þjónustusamningar. Töluvert er um það að sveitarfélög geri þjónustusamning við nágrannasveitarfélög og í þessum samningum felst alla jafna að annað sveitarfélagið selji hinu sveitarfélaginu ákveðna þjónustu sem það hefur ekki tök á að veita íbúum sínum eða velur frekar að kaupa þjónustu en að stofna til hennar.
- f. Önnur samstarfsform. Nokkuð hefur verið um að sveitarfélög hafi leitað nýrra leiða varðandi samstarf og má þar nefna Svæðisgarð Snæfellsness þar sem búin er til vettvangur fyrir samstarf sveitarfélaga, atvinnulífs og hagsmunasamtaka um tiltekin verkefni. Einnig má nefna að sveitarfélög hafa tekið þátt í hlutafélögum sbr. Sorpurðun Vesturlands.

Í áðurnefndri skýrslu sem Rannsóknarstofnun Háskólans á Akureyri gaf út árið 2016 um samstarf sveitarfélaga á Íslandi kemur fram að almennt telja sveitarstjórnarmenn samstarf sveitarfélaga jákvætt. Naumur meirihluti sveitarstjórnarmanna á Íslandi telur að æskilegt sé að efla sveitarfélögin með auknu samstarfi. Ef Vesturland er skoðað sérstaklega kemur í ljós að 55% sveitarstjórnarmanna á Vestlandi telja hins vegar óæskilegra að efla sveitarfélögin með auknu samstarfi og líta á sameiningu sveitarfélaga sem betri valkost. (RHA 2016 bls. 62). Almennt má segja að þeir ókostir sem taldir eru fylgja auknu samstarfi sé lýðræðishalli þar eða ekki er kosið beint til stjórna ýmissa samstarfsverkefna og því getur verið óljóst hvar ábyrgð liggur og stjórnun því ekki eins markviss og æskilegt er.

Sameiningar sveitarfélaga hafa verið mikið til umræðu undanfarna áratugi sem aðferð til efla sveitarstjórnarstigið. Árið 1950 voru sveitarfélögin á Íslandi 229 en í dag eru þau 74. Breytingar í samfélaginu, betri samgöngur og stórbætt fjarskipti eiga auðvita stóran þátt í því að draga úr fjarlægð og auðvelda sameiningar. Fræðimenn virðast sammála um að helstu rök fyrir sameiningu sveitarfélaga séu þau að geta sveitarfélaga til að veita góða og hagkvæma þjónustu aukist, auðveldara sé að uppfylla lagalegar skyldur og stærra sveitarfélag er öflugra í ýmis konar hagsmunagæslu og hagsmunabaráttu fyrir samfélagið. Ókostirnir eru hins vegar þeir að rannsóknir sýna gjarnan að lýðræðið veikist þegar verður lengra á milli valdhafa og íbúa og oftast en ekki safnist þjónusta og störf fyrir í kjarna nýs sveitarfélags og fyrir það líða jaðarsvæðin.


Töluvert hefur verið um sameiningar sveitarfélaga á Vesturlandi undanfarna áratugi. Árið 1969 þegar Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi voru stofnuð voru sveitarfélög á Vesturlandi 39, en í dag eru þau 10. Segja má að um 1994 hefjist töluverð sameiningarhrina á Vesturlandi. Þá verða þrjár stórar sameiningar þegar Snæfellsbær, Borgarbyggð og Dalabyggð verða til. Borgarbyggð og Dalabyggð stækkuðu frekar 1998 og aftur 2006. Árið 2006 varð einnig stór sameining þegar Hvalfjarðarsveit verður til. Ekki hafa orðið sameiningar sveitarfélaga á Vesturlandi síðan 2006, en í dag er vinna í gangi á norðanverðu Snæfellsnesi eftir að sveitarstjórnir Stykkishólmsbæjar, Helgafellssveitar og Grundarfjarðarbæjar tóku upp viðræður um sameiningu fyrr á þessu ári.

Staða Eyja- og Miklaholtshrepps í dag

Eyja- og Miklaholtshreppur varð til árið 1994 þegar Eyjahreppur og Miklaholtshreppur sameinuðust. Hreppurinn er alls 383 km² að flatarmáli. Aðliggjandi sveitarfélög eru Borgarbyggð í austri, Snæfellsbær í vestri og Dalabyggð og Helgafellssveit í norðri. Þjóðvegur 54 liggur í gegnum hreppinn frá Haffjarðará í austri að Leirskál í vestri, alls 29 km. Vatnaleið liggur síðan frá Vegamótum yfir fjallgarðinn að hreppmörkum við Helgafellssveit og tengir sunnanvert og norðanvert Snæfellsnes. Vegtenging við Dalabyggð liggur um Vatnaleið og Skógarströnd eða um Heydal í gegnum Borgarbyggð. Engar hafnir eða flugvellir eru í Eyja- og Miklaholtshreppi. Á árinu 2016 var lokið við að leggja ljósleiðara um hreppinn og í dag hafa því íbúar aðgengi að fullkominni gagnaveitu.

Íbúar í Eyja- og Miklaholtshreppi voru 1 janúar 2017 alls 120. Undanfarin 20 ár hefur íbúafjöldi verið á bilinu 115 til 158. Flestir voru íbúarnir árið 2013 á þeim árum en fæstir árin 1999 og 2003. Ef hins vegar er horft til lengri tíma má sjá að frá 1971 hefur íbúum í Eyja- og Miklaholtshreppi fækkað um rúmlega helming. Það er svipuð þróun og í Helgafellssveit og Dalabyggð. Íbúum á landsbyggðunum hefur á sama tíma fjölgað um 25%. Börnum og ungmennum hefur almennt fækkað í dreifbýli á Vesturlandi undanfarin ár og að sama skapi hefur eldri borgurum fjölgað, þetta á við um Eyja- og Miklaholtshrepp líka. Í dag eru 7 börn á leikskólaaldri og 12 börn á grunnskólaaldri í sveitarfélaginu. Eldri borgarar í sveitarfélaginu, þ.e. 67 ára og eldri eru alls 19.

Íbúapróun eftir sveitarfélögum á Vesturlandi 1971-2017



Atvinnulíf í hreppnum hefur að miklu leyti byggst á hefðbundnum landbúnaði, en hrossarækt og akuryrkja hafa vaxið undanfarin ár. Auk þess hafa verið töluverð umsvif í kringum fiskvinnslu á Miðhrauni. Þá hafa alla jafna verið um 10 stöðugildi iðnaðarmanna í hreppnum. Ferðaþjónusta er vaxandi atvinnugrein eins og víðast á landinu og hefur eflst verulega á s.l. fimm árum. Nefna má að á Vegamótum hefur verið opnað hótél og veitingastaður og í Laugargerði er rekið hótél yfir sumartímann, auk þess sem minni gististaðir eru á nokkrum bæjum og unnið er að uppbyggingu ferðaþjónustu víðar. Einnig hefur verið unnið að undirbúningi á uppsetningu á Gestastofu fyrir Snæfellsnes í félagsheimili hreppsins á Breiðabliki í samstarfi við Svæðisgarðinn Snæfellsnes. Vaxandi áhugi er á matvælaframleiðslu og aukning í sölu á afurðum „beint frá býli“. Þá eru nokkur störf tengd opinberri þjónustu, en sveitarfélagið hefur rekið skóla og leikskóla í Laugargerði og má ætla að þar séu um 10 störf. Rétt er að benda á að breytingar hafa orðið undanfarna mánuði á starfsemi fiskvinnslunnar á Miðhrauni sem gæti haft áhrif á atvinnulíf og íbúafjölda í sveitarfélaginu.

Í ársreikningi Eyja- og Miklaholtshrepps fyrir árið 2016 kemur fram að fjárhagsstaða sveitarfélagsins er sterk. Rekstur þess gekk vel á árinu 2016 og eiginfjárstaða er mjög sterk eins og sjá má í töflu í lok greinargerðarinnar. Rétt er að geta þess að almennt hefur fjárhagur sveitarfélaga verið að styrkjast að undanfögnu vegna meðbyrs í efnahagsmálum.

Samstarf Eyja- og Miklaholtshrepps við önnur sveitarfélög

Eyja- og Miklaholtshreppur hefur átt í samstarfi við nágrannasveitarfélögin í ýmsum málaflokkum. Samstarfsverkefni hafa verið mismikil og af ýmsum toga. Sveitarfélagið er aðili að Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi, Héraðsnefnd Snæfellinga, Svæðisgarði Snæfellsness, byggðasamlögum, hlutafélögum, sjálfseignarstofnunum og er með þjónustusamninga við önnur sveitarfélög. Ef samstarfsverkefni eru skoðuð með hliðsjón af málaflokkum sveitarfélaga kemur eftirfarandi fram.

02 Félagsþjónusta

Eyja- og Miklaholtshreppur er aðili að Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga og sinnir hún félagsþjónustu í sveitarfélaginu. Félags- og skólaþjónusta Snæfellinga er byggðasamlag í eigu sveitarfélaganna á Snæfellsnesi og er skrifstofan staðsett í Snæfellsbæ.

03 Heilbrigðismál

Heilbrigðisstofnun Vesturlands rekur heilsugæslustöðvar og sjúkrahús á Vesturlandi, en rekstur hennar er alfarið fjármagnaður af ríkinu. Sjúkrahús er í Stykkishólmi og stór heilsugæslustöð í Borgarnesi. Íbúar Eyja- og Miklaholtshrepps sækja þjónustu á báða þessa staði.

Eyja- og Miklaholtshreppur er eignaraðili að dvalar- og hjúkrunarheimilinu Brákarhlíð í Borgarnesi sem er sjálfseignarstofnun. Sveitarfélagið greiðir árlega fasta upphæð til reksturs Brákarhlíðar. Eldri borgarar í Eyja- og Miklaholtshreppi eru margir hverjir aðilar að félagi Eldri borgara í Borgarnesi.

04 Fræðslumál

Eyja- og Miklaholtshreppur rekur leik- og grunnskóla í Laugagerði. Upphaflega voru nokkur sveitarfélög á Vesturlandi aðilar að skólanum, en um 1990 fækkaði í hópnum og eftir stóðu Eyja- og Miklaholtshreppur og Kolbeinsstaðahreppur. Kolbeinsstaðahreppur varð hluti af Borgarbyggð árið 2006 við sameiningu sveitarfélaga og fyrst um sinn var skólinn rekinn sem byggðasamlag, en frá árinu 2010 hefur Eyja- og Miklaholtshreppur rekið skólann og Borgarbyggð keypt þjónustu fyrir nemendur úr fyrrum Kolbeinsstaðahreppi. Í dag eru tveir nemendur úr Borgarbyggð í grunnskólanum og væntanlega verða einnig börn úr Borgarbyggð í leikskólanum eftir sumarfrí. Á árinu 2016 gerði Menntamálastofnun úttekt á starfi Laugargerðisskóli og var niðurstaða úttektarinnar mjög jákvæð fyrir skólann.

Félags- og skólaþjónusta Snæfellinga sér um sérfræðiþjónustu fyrir leik- og grunnskólann í Laugagerði, en einnig hefur verið keypt þjónusta af Borgarbyggð. Þá hefur skólinn átt í samstarfi við Borgarbyggð varðandi félagsstarf og aðkomu að félagsmiðstöð í Borgarnesi. Laugargerðisskóli hefur tekið þátt í samstarfi skóla á Vesturlandi, átt í góðu samstarfi við Lýsuhólsskóla í Snæfellsbæ og grunnskólana í Borgarbyggð. Einnig er rétt að geta þess að

foreldrafélag Laugargerðisskóla og foreldrafélag Lýsuhólsskóla í Snæfellsbæ hafa átt í ágætu samstarfi.

Tónlistarkennsla hefur farið fram innan grunnskólans, en nemendur úr sveitarfélaginu hafa í einhverju mæli sótt tónlistarnám í Tónlistarskóla Borgarfjarðar. Eyja- og Miklaholtshreppur er aðili að Fjölbrotarskóla Vesturlands á Akranesi. Einnig eru framhaldsskólar í Grundarfirði og í Borgarnesi. Eyja- og Miklaholtshreppur er aðili að Símenntunarmiðstöð Vesturlands, en hún þjónustar íbúa í hreppnum eins og íbúa annarra sveitarfélaga á Vesturlandi.

05 Menningarmál

Héraðsnefnd Snæfellinga rekur byggðasafn í Norska húsinu í Stykkishólmi, en öll sveitarfélögin á Snæfellsnesi eru aðilar að nefndinni. Samþykkt hefur verið að leggja nefndina niður og þess í stað verður stofnað byggðasamlag um verkefni hennar og hefur verið samið við Stykkishólmsbæ um að halda utan um rekstur byggðasafnsins. Samstarf safna á Snæfellsnesi hefur verið með ágætum og hafa þau m.a. staðið fyrir sameiginlegum safnadegi.

Félagsheimilið Breiðablik er í eigu Eyja- og Miklaholtshrepps. Nú er í undirbúningi að opna Gestastofu í húsinu og er það Svæðisgarður Snæfellsness sem hefur veg og vanda að því ásamt sveitarfélaginu. Bókasafn er í Laugargerðisskóla. Kvenfélag er starfandi í Eyja- og Miklaholtshreppi og hefur komið að ýmsum menningarmálum. Gott samstarf hefur verið við önnur kvenfélög á Snæfellsnesi.

06 Æskulýðs- og íþróttamál

Í Laugargerði er sundlaug, íþróttahús og sparkvöllur, auk þess sem góð grasflöt er við félagsheimilið Breiðablik. Íbúar í sveitarfélaginu taka þátt í íþróttastarfsemi ungmennafélagsins ÍM sem er aðili að Héraðssambandi Snæfellinga. Eyja- og Miklaholtshreppur hefur í gegnum Héraðsnefnd Snæfellinga stutt við starfsemi HSH. Auk þess er gott samstarf við Ungmennafélag Staðarsveitar.

07 Brunamál og almannavarnir

Sveitarfélagið er með samning við Borgarbyggð um brunavarnir. Aðstöðuhús fyrir slökkvibúnað er í Laugagerði, en allur helsti búnaður er staðsettur á slökkvistöðinni í Borgarnesi. Rétt er að geta þess að slökkvilið á Vesturlandi eru með samstarfssamning sín á milli um aðstoð ef á þarf að halda.

Eyja- og Miklaholtshreppur er aðili að almannavarnarnefnd Snæfellinga. Björgunarsveitin Elliði starfar á svæðinu en starfssvæði hennar er Eyja- og Miklaholtshreppur og gamli Kolbeinsstaðarhreppur í Borgarbyggð, Staðarsveit og Breiðuvík í Snæfellsbæ.

08 Hreinlætismál

Sveitarfélagið kaupir sorphirðu af Gámaþjónustunni, en sameiginlegt fyrirtæki sveitarfélaganna á Vesturlandi, Sorpurðun Vesturlands, sér um urðun. Undanfarin ár hafa Eyja- og Miklaholtshreppur og Snæfellsbær staðið fyrir sameiginlegu umhverfis- og hreinsunarátaki á vorin í sveitunum. Eyja- og Miklaholtshreppur er aðili að Heilbrigðiseftirliti Vesturlands.

09 Skipulags- og byggingarmál

Sameiginleg skipulagsnefnd er með Helgafellssveit og hafa sveitarfélögin ráðið til sín verktaka til að sinna skipulags- og byggingamálum. Sameiginlegt svæðisskipulag var unnið fyrir sveitarfélögin á Snæfellsnesi sem tók gildi árið 2014 og á þessu skipulagi byggir starfsemi Svæðisgarðs Snæfellinga.

10 Umferðar- og samgöngumál

Umfang þessa málaflokks er ekki mikið, en ákveðin verkefni eru unnin í samráði við Vegagerðina.

11 Umhverfismál

Eyja- og Miklaholtshreppur er aðili að Umhverfissvottun Snæfellsness „Earth check“, en sameiginlegur starfsmaður sveitarfélaganna sinnir þessu verkefni, auk þess að vera umhverfisfulltrúi Snæfellsness. Sveitarfélagið sér sjálft um refa- og minkaeyðingu.

13 Atvinnumál

Atvinnuráðgjöf SSV sinnir ráðgjöf við íbúa og fyrirtæki varðandi atvinnumál. Í gegnum aðild sína að SSV hefur sveitarfélagið aðgengi að ráðgjöf og sameiginlegum kynningarverkefnum Vesturlandsstofu (Markaðsstofu Vesturlands). Þá hefur Svæðisgarður Snæfellsness komið að ýmsum verkefnum tengdum ferðaþjónustu.

Búnaðarfélag er starfandi í Eyja- og Miklaholtshreppi sem er aðili að Búnaðarsamtökum Vesturlands. Búgreinafélög hafa verið öflug og átt í góðu samstarfi við nágretta sína. Sveitarfélögin á Snæfellsnesi hafa átt samstarf um fjallskila- og afréttarmál í gegnum Héraðsnefnd Snæfellinga.

21 Sameiginleg þjónusta

Skrifstofa Eyja- og Miklaholtshrepps er hjá oddvita. Bókhald fyrir sveitarfélagið er fært af KPMG í Borgarnesi.

Ýmis þjónusta og samstarf

Íbúar sveitarfélagsins sóttu áður ýmis konar þjónustu til Sýslumannsins í Stykkishólmi og Eyja- og Miklaholtshreppur heyrði undir lögregluna á Snæfellsnesi, en í dag nær umdæmi lögreglu og sýslumanns yfir allt Vesturlandi og hægt að sækja hana á mismunandi staði.

Við ætlum að íbúar í sveitarfélaginu sækji verslun og ýmiskonar þjónustu að stórum hluta í Borgarnes, en líka í Stykkishólmi.

Samstarf á milli Eyja- og Miklaholtshrepps, gamla Kolbeinsstaðarhrepps í Borgarbyggð og Staðarsveitar og Breiðuvíkur í Snæfellsbæ hefur aukist undanfarin ár og má þar nefna átaks- og byggðaþróunar verkefnið Sveitavegin, sameiginlegan sveitamarkað o.fl.

Tafla um samstarf við önnur sveitarfélög

| | EogM | Stykkish. | Grundarfj | Snæfellsb | Helgafells sveit | Borgarb. | Svæðisg Héraðsn | Vesturl. |
|----------------------------|------|-----------|-----------|-----------|------------------|----------|-----------------|----------|
| Félagsþjón. | x | x | x | x | x | | | |
| Málefni fatlaðra | x | x | x | x | x | | | x |
| Málefni aldraðra | x | | | | | x | | |
| Fræðslumál | x | | | | | x | | |
| Sérfræðiþjónusta skóla | x | x | x | x | x | | | |
| Símenntun | x | | | | | | | x |
| Menningarmál | x | x | x | x | x | | x | |
| Íþrótt- og æskulýðsmál | x | x | x | x | x | | | |
| Brunavarnir | x | | | | | x | | |
| Almannavarnir | x | x | x | x | x | | | |
| Hreinlætismál | x | | | | | | | |
| Heilbrigðiseftirlit | x | | | | | | | x |
| Skipulags- og byggingarmál | x | | | | x | | | |
| Umhverfismál | x | | | | | | | |
| Landbúnaðarmál | x | | | | | | x | |
| Atvinnumál | x | | | | | | x | x |

Hvaða sameiningarkostir eru í boði ?

Eyja- og Miklaholtshreppur á sveitarfélagamörk að fjórum sveitarfélögum; Borgarbyggð, Dalabyggð, Helgafellssveit og Snæfellsbæ. Í umfjöllun okkar hér að framan kemur fram að samstarf við Dalabyggð er mun minna en við aðra nágretta og því teljum við Dalabyggð ekki vera raunhæfan sameiningarkost. Við teljum hins vegar raunhæft að skoða frekar þrjá valkosti; sameiningu við sveitarfélögin Stykkishólmsbæ, Grundarfjarðarbæ og Helgafellssveit á norðanverðu Snæfellsnesi en þau eru í viðræðum í dag um sameiningu, sameiningu við Snæfellsbæ og sameiningu við Borgarbyggð.

Við munum lauslega skoða skoða þessa sameiningarkosti út frá fjórum þáttum; samkennd og svæðapróun, gæði og aðgengi að þjónustu, lýðræði og stjórnsýslu og rekstrarleg hagræðing.

Sameining við Helgafellssveit, Grundarfjarðarbæ og Stykkishólm.

Nýverið hófust viðræður á milli Helgafellssveitar, Grundarfjarðarbæjar og Stykkishólms um sameiningu. Þessi þrjú sveitarfélög á norðanverðu Snæfellsnesi tengjast Eyja- og Miklaholtshreppi um Vatnaleið og samgöngur því góðar. Íbúafjöldi í þessum sveitarfélögum er samtals 2089 1. janúar 2017. Í Stykkishólmsbæ búa 1168, í Grundarfjarðarbæ 869 og reikna má með að tæplega 5% þeirra búi í dreifbýlinu í Kolgrafarfirði og Eyrarsveit og í Helgafellssveit búa 52 íbúar og allir í dreifbýli.

Samkennd og svæðapróun

Íbúar Eyja- og Miklaholtshrepps eru Snæfellingar og eiga það sameiginlegt með íbúum þessara þriggja sveitarfélaga. Því er til staðar samkennd, sameiginleg ímynd og hefð fyrir samstarfi. Fjallgarður á milli norðverðs og sunnanverðs Snæfellsness takmarkaði að einhverju leiti samgöngur á milli svæða áður, en nýr vegur um Vatnaleið sem var tekinn í notkun um aldamótin 2000 hefur auðveldað öll samskipti á milli norðan- og sunnanverðs Snæfellsness og skapar tækifæri til frekari samvinnu. Hins vegar myndu um 90% íbúa í nýju sveitarfélagi búa í þéttbýli og því má leiða að því líkum að hagsmunir dreifbýlis gætu átt erfitt uppdráttar.

Áður hefur komið fram að íbúar í Eyja- og Miklaholtshreppi hafa sótt töluverða þjónustu í Stykkishólm og væntanlega myndi sú þjónustusókn styrkjast frekar í sameinuðu sveitarfélagin, en fjarlægðin í Stykkishólm fyrir íbúa í Eyja- og Miklaholtshreppi er á bilinu 30 til 60 km. Hins vegar má vel vera að hluti af þjónustu nýs sveitarfélags verði staðsettur í Grundarfirði og þá lengist veglengin í þjónustu um 5 km aðra leiðina.

Hefð er fyrir ýmiskonar samstarfi sveitarfélaganna sem áður fór fram í gegnum sýslunefnd og síðar í gegnum héraðsnefnd. Íbúar hafa starfað saman innan HSH og fleiri félagasamtaka. Þá hefur nýr samstarfsvettvangur Svæðisgarður Snæfellsness og svæðisskipulag sem starf hans byggir á skotið sterkari rótum undir samkennd íbúa og samstarf sveitarfélaganna að okkar mati.

Sveitarfélag sem samanstæði af Eyja- og Miklaholtshreppi og sveitarfélögunum á norðanverðu Snæfellsnesi ætti með hliðsjón af stærð að verða sterkari í hagsmunagæslu og sókn fyrir byggðarlagið, en Eyja- og Miklaholtshreppur er í dag. Íbúafjöldi í nýju sveitarfélagi yrði um 2200 íbúar og það yrði 20 fjölmennasta sveitarfélagið á landinu. Það er hins vegar erfitt að segja til um hvernig samstarf sveitarfélaga á Snæfellsnesi muni þróast ef aðeins verða tvö sveitarfélög svipuð að stærð, Snæfellsbær og nýtt sveitarfélag sem samanstæði af áður nefndum fjórum sveitarfélögum.

Gæði og aðgengi að þjónustu

Að okkar mati mun gæði og aðgengi að þjónustu breytast með mismunandi hætti eftir málaflokkum.

Félagsþjónusta og heilbrigðismál

Leiða má líkum að því að félagsþjónusta verði með svipuðum hætti og verið hefur og sveitarfélögin á Snæfellsnesi reki áfram byggðasamlag um félags- og skólaþjónustu. Mögulega yrði aðild að Brákarhlíð sagt upp.

Menningarmál

Hér teljum við að ekki verði miklar breytingar hvað varðar þjónustu við íbúa Eyja- og Miklaholtshrepps. Mögulega ætti stærra sveitarfélag að hafa meiri burði til að ráðast í nýjungar hvað varðar menningarmál. Rekstur félagsheimilisins Breiðabliks yrði væntanlega með svipuðum hætti.

Brunamál og almannavarnir

Líklegt má telja að slökkvilið Stykkishólms og Grundarfjarðar verði sameinuð og nýtt slökkvilið verði stofnað í nýju sveitarfélagi og samningi við Borgarbyggð um brunavarnir í Eyja- og Miklaholtshreppi verði sagt upp.

Hreinlætismál

Væntanlega verður sorphirða boðin út í nýju sveitarfélagi og alla jafna ætti stærra sveitarfélag ná fram hagræðingu í gegnum útboð. Stykkishólmur hefur verið mjög framsækið sveitarfélaga varðandi flokkun og meðhöndlun úrgangs og því líklegt að nýtt sveitarfélag verði það líka.

Umhverfis- og skipulagsmál

Í nýju sveitarfélagi eru líkur á því að öll umsýsla með umhverfis- og skipulagsmálum myndi styrkjast og nýtt sveitarfélag gæti ráðið til sín starfsmenn í stöðu skipulags- og byggingarfulltrúa. Væntanlega munu sveitarfélögin á Snæfellsnesi halda áfram samstarfi sínu um umhverfisvottun.

Samgöngur og fjarskipti

Samgöngur við sveitarfélögin á norðanverðu Snæfellsnesi eru góðar eftir að vegur var lagður um Vatnaleið. Vegurinn fer í um 230 m hæð yfir sjávarmáli og því sjaldgæft að hann teppist vegna snjóa. Búið er að leggja ljósleiðara í Helgafellssveit og unnið er að því í dag að leggja ljósleiðara í dreifbýli í Grundarfjarðarbæ.

Atvinnu- og landbúnaðarmál

Ef við gefum okkur að í stærra sveitarfélagi séu tekjur hærri er líklegt að til verði meira svigrúm til þess styðja við nýsköpun í atvinnumálum og efla markaðssetningu í ferðaþjónustu. Hins vegar þarf líka að hafa í huga að í stærra sveitarfélagi þarf að huga að fleiri svæðum og byggðakjörnum og verkefni dreifast víðar. Svæðisgarðurinn Snæfellsnes mun væntanlega leika stórt hlutverk varðandi þessi verkefni, auk þess sem atvinnuráðgjöf SSV og Markaðsstofa Vesturlands koma áfram að þessum málum. Hins vegar má velta fyrir sér hvort að málefni landbúnaðar geti átt erfiðara uppdráttar í nýju sveitarfélagi þar eða rúmlega 90% íbúa yrðu búsettir í þéttbýli.

Fræðslu- og tómsundamál

Væntanlega verður skipulag skólamála í nýju sveitarfélagi eitt stærsta verkefni þess. Leikskólar eru í Grundarfirði, Stykkishólmi og Laugargerði og grunnskólar á sömu stöðum. Rétt er að nefna að nýr leikskóli í Stykkishólmi á erfitt með að taka við fleiri börnum þar eða töluverð fjölgun barna á leikskólaaldri hefur orðið þar. Í Stykkishólmi eru um 150 nemendur í grunnskóla, um 80 í Grundarfirði og um 20 í Laugargerði. Færa má rök fyrir því að stærð þessara eininga sé heldur óhagkvæm. Ætla má að umræða verði um framtíð Laugargerðisskóla í nýju sveitarfélagi því nemendur þaðan myndu rúmast innan skólans í Stykkishólmi. Hins vegar er löng veglend frá austustu bæjum í Eyja- og Miklaholtshreppi í Stykkishólmi eða um 60 km og það yrði löng vegalengd fyrir skólaakstur. Benda má á að innan Borgarbyggðar sem er dreifbýlt sveitarfélag er lengsta vegalend frá heimili að skóla um 45 km og alla jafna er miðað við að aksturstími sé ekki lengri en 60 mín aðra leiðina. Því er erfitt að að spá hver verður framtíð Laugargerðisskóla innan sameinaðs sveitarfélags.

Í sameinuðu sveitarfélagi myndu skapast tækifæri fyrir börn og ungmenni til að sækja tónlistarnám og tómsundir í Stykkishólmi og mögulega myndi nýtt sveitarfélag bjóða upp á tómsundaakstur úr dreifbýli í þéttbýli ef skóli verður áfram í Laugargerði. Í þessu samhengi má líka benda á að aukið samstarf hefur verið að þróast á Snæfellsnesi varðandi íþróttir og sem dæmi má nefna að send eru lið undir nafni Snæfellsness til keppni í yngri flokkum á Íslandsmóti í fótbolta.

Lýðræði og stjórnsýsla

Í litlum sveitarfélögum eru fáir íbúar á bak við hvern kjörinn fulltrúa og því aðgengi íbúa að þeim alla jafna gott. Hins vegar dregur úr áhrifum kjörinna fulltrúa ef mörg verkefni sveitarfélags er rekin í gegnum byggðasamlag eða þjónustusamning. (Vífill Karlsson 2014 bls. 48). Íbúar í Eyja- og Miklaholtshreppi ættu í dag að hafa gott aðgengi að sínum fulltrúum og nokkur verkefni eru leyst í gegnum byggðasamlög eða annars konar samstarf, en stærstu verkefni, grunn- og leikskóli, eru leyst af sveitarfélaginu sjálfu. Með hliðsjón af ofansögðu

Þá verða fleiri íbúar á bak við hvern sveitarstjórnarfulltrúa í nýju sveitarfélagi en færri verkefni leyst í gegnum byggðasamlög eða þjónustusamninga.

Almennt ætti stjórnsýsla að styrkjast í fjölmennara sveitarfélagi þar sem auðveldara ætti að vera að ráða sérhæft starfsfólk til að sinna lög- og ólögbundnum verkefnum, en þetta er auðvita ekki einhlítt. Í skýrslu um sameiningu sveitarfélaga sem Vífill Karlsson vann fyrir SSV og var gefin út árið 2014 kemur fram að oftar eru íbúar smærri sveitarfélaga ósáttir með sameiningu og áhrif sín á störf sveitarstjórnar í stærra sveitarfélagi og íbúar upplifa að áhrif flytjist frá jöðrunum að kjarna nýs sveitarfélags.

Rekstrarleg hagræðing

Áður hefur komið fram að fjárhagslega staða Eyja- og Miklaholtshrepps er góð og ljóst að fjárhagsstaða Stykkishólmsbæjar, Grundarfjarðarbæjar og Helgafellsveitar er veikari ef helstu kennitölur eru skoðaðar fyrir árið 2016. Hins vegar eru lítil og fámenn sveitarfélög viðkvæmari fyrir áföllum eins og ef öflugt fyrirtæki dregur úr eða hættir starfsemi. Fjölmennari sveitarfélög hafa meiri burði alla jafna til að takast á við slík áföll.

Kannanir sem gerðar hafa verið á sameiningu sveitarfélaga og möguleikum á hagræðingu í kjölfar sameininga benda oft til þess að kostnaður við yfirstjórn sveitarfélags lækkar og hægt er að ná fram hagstæðari samningum við verktaka í krafti stærðarinnar. Á móti kemur að kostnaður við ýmsa aðra málaflokka eykst þegar sveitarfélag verður landstærra. Því verða þessi mál ekki rakin frekar hér.



Sameining við Snæfellsbæ

Eyja- og Miklaholtshreppur á sveitarfélagamörk að Snæfellsbæ í vestri. Snæfellsbær varð til árið 1994 þegar sveitarfélögin; Ólafsvíkurkaupstaður, Neshreppur utan Ennis, Breiðuvíkurhreppur og Staðarsveit sameinuðust. Íbúafjöldi í Snæfellsbæ 1. janúar 2017 er 1625. Í Ólafsvík búa 945, á Hellissandi og í Rifi 515 og í dreifbýli 165 eða ríflega 10%.

Samkennd og svæðabróun

Íbúar Eyja- og Miklaholtshrepps eru Snæfellingar og eiga það sameiginlegt með íbúum Snæfellsbæjar. Því er til staðar samkennd, sameiginleg ímynd og hefð fyrir samstarfi. Ríflega 10% íbúa búa í dreifbýli, en sterk tenging hefur alla tíð verið á milli íbúa í sveitunum á sunnanverðu Snæfellsnesi, þ.e. Eyja- og Miklaholtshreppi, Staðarsveit sérstaklega og Breiðuvík.

Íbúar í Eyja- og Miklaholtshreppi hafa ekki sótt mikla þjónustu í Ólafsvík og því væri það breyting í þjónustusókn ef þeir þyrftu í ríkari mæli að sækja þjónustu á Hellissand eða í Ólafsvík. Fjarlægðin frá bæjum í Eyja- og Miklaholtshreppi til Ólafsvíkur er á bilinu 50 til 75 km.

Hefð er fyrir ýmiskonar samstarfi sveitarfélaganna sem áður fór fram í gegnum sýslunefnd en síðar í gegnum héraðsnefnd. Íbúar hafa starfað saman innan HSH og fleiri félagasamtaka. Þá hefur nýr samstarfsvettvangur Svæðisgarðurinn Snæfellsnes og svæðisskipulag sem starf hans byggir á skotið sterkari rötum undir samkennd íbúa og samstarf sveitarfélaganna að okkar mati.

Sveitarfélag sem samanstæði af Eyja- og Miklaholtshreppi og Snæfellsbæ ætti að verða sterkari í allri hagsmunagæslu og sókn fyrir byggðarlagið, en Eyja- og Miklaholtshreppur er í dag. Íbúafjöldi í nýju sveitarfélagi yrði um 1750 íbúar og það yrði 25 fjölmennasta sveitarfélagið á landinu. Það er hins vegar erfitt að segja til um hvernig samstarf sveitarfélaga á Snæfellsnesi muni þróast ef aðeins verða tvö sveitarfélög svipuð að stærð, Snæfellsbær og Eyja- og Miklaholtshreppur sem og nýtt sveitarfélag sem samanstæði af sveitarfélögunum þremur á norðanverðu Snæfellsnesi. Væntanlega hefði það lítil áhrif á samstarf ef aðeins yrði af sameiningu Snæfellsbæjar og Eyja- og Miklaholtshrepps.

Gæði og aðgengi að þjónustu

Að okkar mati mun gæði og aðgengi að þjónustu breytast með mismunandi hætti eftir málaflokkum.

Félagsþjónusta og heilbrigðismál

Leiðum má líkum að því að félagsþjónusta verði með svipuðum hætti og verið hefur og sveitarfélögin á Snæfellsnesi reki áfram byggðasamlag um félags- og skólaþjónustu. Mögulega yrði aðild að Brákarhlíð sagt upp.

Menningarmál

Hér teljum við að ekki verði miklar breytingar hvað varðar þjónustu við íbúa Eyja- og Miklaholtshrepps en stærra sveitarfélag ætti að hafa meiri burði til að ráðast í nýjungar hvað varðar menningarmál. Rekstur félagsheimilisins Breiðabliks yrði væntanlega með svipuðum hætti.

Brunamál og almannavarnir

Líklegt má telja að núverandi slökkvilið Snæfellsbæjar taki yfir brunavarnir í Eyja- og Miklaholtshreppi og samningi við Borgarbyggð um brunavarnir verði sagt upp.

Hreinlætismál

Væntanlega verður sorphirða boðin út í nýju sveitarfélagi og stærra sveitarfélaga ætti að ná fram hagræðingu í gegnum útboð.

Umhverfis- og skipulagsmál

Í Snæfellsbæ er starfandi byggingarfulltrúi og líklegt að við sameiningu myndi sú starfsemi sem snýr að umhverfis- og skipulagsmálum myndi styrkjast. Væntanlega munu sveitarfélögin á Snæfellsnesi halda áfram samstarfi sínu um umhverfisvottun.

Samgöngur og fjarskipti

Samgöngur við Snæfellsbæ geta verið erfiðar að vetri, en vegurinn um Fróðárheiði til Ólafsvíkur fer í um 360 m hæð yfir sjávarmáli og því kemur fyrir að hann teppist vegna snjóá. Við slíkar aðstæður er hægt að fara Vatnaleið eða fyrir Nesið sem vissulega tekur lengri tíma. Unnið er að því í dag að leggja ljósleiðara í dreifbýli í Snæfellsbæ.

Atvinnu- og landbúnaðarmál

Ef við gefum okkur að í stærra sveitarfélagi séu tekjur hærri er líklegt að til verði meira svigrúm til þess styðja við nýsköpun í atvinnumálum og efla markaðssetningu í ferðaþjónustu. Hins vegar þarf líka að hafa í huga að í stærra sveitarfélagi þarf að huga að fleiri svæðum og byggðakjörnum og verkefni dreifast víðar. Svæðisgarðurinn Snæfellsnes mun væntanlega leika stórt hlutverk varðandi þessi verkefni, auk þess sem atvinnuráðgjöf SSV og markaðsstofa Vesturlands koma áfram að þessum málum. Svo virðist sem Snæfellsbær hafi sinnt málefnum landbúnaðar og dreifbýlis ágætlega, en í sameinuðu sveitarfélag myndi íbúafjöldi í dreifbýli verða 285 eða ríflega 16% íbúa.

Fræðslu- og tómstundamál

Snæfellsbær rekur í dag leikskóla í Ólafsvík og á Hellissandi og leikskólasel við Lýsuhólsskóla. Grunnskóli Snæfellsbæjar hefur þrjár starfsstöðvar; í Ólafsvík, á Hellissandi og í Lýsuhólsskóla í Staðarsveit. Tónlistaskóli Snæfellsbæjar er í Ólafsvík, en tónlistakennarar fara í Lýsuhólsskóla einn dag í viku til að kenna nemendum í dreifbýlinu. Nemendur við grunnskóla eru um 230 og þar af eru um 20 á Lýsuhóli. Færa má rök fyrir því að með sameiningu Snæfellsbæjar og Eyja- og Miklaholtshrepps skapist tækifæri til að vera með einn grunnskóla á sunnanverðu Snæfellsnesi með því að sameina skólana í Laugargerði og á Lýsuhóli.

Sameining þessara skóla getur falið í sér tækifæri til að efla skólahlald á svæðinu. Vissulega er töluverð vegalend frá austustu bæjum í Eyja- og Miklaholtshreppi í Lýsuhól og úr Breiðuvík að Laugargerði, en ekki má heldur útiloka þann valkost að reisa nýjan skóla sem yrði meira miðsvæðis á sunnanverðu Snæfellsnesi. Ætla má að sameining þessara sveitarfélaga dragi úr líkum á því að skólahlald á sunnanverðu Snæfellsnesi leggist af og verði flutt inn í þéttbýlisstaðina.

Í sameinuðu sveitarfélagi myndu skapast tækifæri fyrir börn og ungmenni til að sækja tónlistarnám og tómsundur í Ólafsvík/Hellissand og mögulega myndi nýtt sveitarfélag bjóða upp á tómsundaakstur úr dreifbýli í þéttbýli ef skóli verður áfram á sunnanverðu Snæfellsnesi. Í þessu samhengi má líka benda á að aukið samstarf hefur verið að þróast á Snæfellsnesi varðandi íþróttir og má benda á að send eru lið undir nafni Snæfellsness til keppni í yngri flokkum á Íslandsmóti í fótbolta.

Lýðræði og stjórnsýsla

Í litlum sveitarfélögum eru fáir íbúar á bak við hvern kjörinn fulltrúa og því aðgengi íbúa að þeim alla jafna gott. Hins vegar dregur úr áhrifum kjörinna fulltrúa ef mörg verkefni sveitarfélags er rekin í gegnum byggðasamlag eða þjónustusamning. (Vífill Karlsson 2014 bls. 48). Íbúar í Eyja- og Miklaholtshreppi ættu í dag að hafa gott aðgengi að sínum fulltrúum og nokkur verkefni eru leyst í gegnum byggðasamlög eða annars konar samstarf, en stærstu verkefnin, grunn- og leikskóli, eru leyst af sveitarfélaginu sjálfu. Með hliðsjón af ofansögðu þá verða fleiri íbúar á bak við hvern sveitarstjórnarfulltrúa í nýju sveitarfélagi en færri verkefni leyst í gegnum byggðasamlög eða þjónustusamninga.

Almennt ætti stjórnsýsla að styrkjast í fjölmennara sveitarfélagi, en öflug stjórnsýsla er nú þegar til staðar í Snæfellsbæ, þar sem auðveldara ætti að vera að ráða sérhæft starfsfólk til að sinna lög- og ólögbundnum verkefnum, en þetta er auðvita ekki einhlítt.

Í skýrslu um sameiningu sveitarfélaga sem Vífill Karlsson vann fyrir SSV og var gefin út árið 2014 kemur fram að oftast eru íbúar smærri sveitarfélaga ósáttir með sameiningu og áhrif sín á störf sveitarstjórnar í stærra sveitarfélagi og íbúar upplifa að áhrif flytjist frá jöðrunum að kjarna nýs sveitarfélags.

Rekstrarleg hagræðing

Áður hefur komið fram að fjárhagslega staða Eyja- og Miklaholtshrepps er góð og það sama á við um Snæfellsbæ séu helstu kennitölur skoðaðar fyrir árið 2016. Oft eru lítil og fámenn sveitarfélög viðkvæmari fyrir áföllum eins og ef öflugt fyrirtæki dregur úr eða hættir starfsemi. Fjölmennari sveitarfélög hafa meiri burði alla jafna til að takast á við slík áföll.

Kannanir sem gerðar hafa verið á sameiningu sveitarfélaga og möguleikum á hagræðingu í kjölfar sameininga benda oft til þess að kostnaður við yfirstjórn sveitarfélags lækkar og hægt er að ná fram hagstæðari samningum við verktaka í krafti stærðarinnar. Á móti kemur að kostnaður við ýmsa aðra málaflokka eykst þegar sveitarfélag verður landstærra. Því verða þessi mál ekki rakin frekar hér.

Sameining við Borgarbyggð

Eyja- og Miklaholtshreppur á sveitarfélagamörk að Borgarbyggð í austri. Borgarbyggð í núverandi mynd varð til árið 2006 þegar sveitarfélögin; Borgarbyggð, Borgarfjarðarsveit, Hvítársíðuhreppur og Kolbeinsstaðarhreppur sameinuðust. Borgarbyggð samanstendur af Borgarnesbæ og 11 fyrrum sveitarfélögum í dreifbýli Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, auk Kolbeinsstaðarhrepps sem var í Snæfells- og Hnappdalssýslu. Íbúafjöldi í Borgarbyggð 1. janúar 2017 var 3677. Í Borgarnesi búa 1946 íbúar, á Hvanneyri 272 og á Bifröst 182. Í dreifbýli búa því 1277 íbúar eða 35%.

Samkennd og svæðapróun

Íbúar Eyja- og Miklaholtshrepps eru Snæfellingar á meðan flestir íbúar Borgarbyggðar eru Mýramenn og Borgfirðingar. Því er ekki til staðar sama samkennd, sameiginleg ímynd og í raun önnur hefð fyrir samstarfi gagnvart Borgarbyggð en sveitarfélögunum á Snæfellsnesi. Um 35% íbúa búa í dreifbýli og er Borgarbyggð eitt af dreifbýlustu sveitarfélögum á landinu en stærð þess eru tæpir 5000 ferkílómetrar þannig að sjónarmið landbúnaðar og dreifbýlis ættu að eiga sterkan hljómgrunn. Löng hefð er fyrir nánu samstarfi á milli Eyja- og Miklaholtshrepps og gamla Kolbeinsstaðarhrepps sem er vestasti hluti Borgarbyggðar, en hreppurinn var áður hluti af Snæfells- og Hnappdalssýslu.

Íbúar í Eyja- og Miklaholtshreppi hafa í gegnum árin sótt mikla þjónustu í Borgarnes og því yrði lítil breyting þjónustusókn íbúa ef miðstöð þjónustu fyrir sameinað sveitarfélag yrði í Borgarnesi. Fjarlægðin frá bæjum í Eyja- og Miklaholtshreppi til Borgarness er á bilinu 40 til 65 km.

Eyja- og Miklaholtshreppur og sveitarfélögin sem mynda Borgarbyggð störfuðu ekki saman í sýslunefnd eða héraðsnefnd að undanskildum Kolbeinsstaðarhreppi. Hins vegar hefur verið samstarf um ákveðin verkefni og um tíma ráku sveitarfélögin Laugargerðisskóla í byggðasamlagi saman. Ef til sameiningar kæmi við Borgarbyggð er óvíst með aðild að Svæðisgarði Snæfellsness.

Sveitarfélag sem samanstæði af Eyja- og Miklaholtshreppi og Borgarbyggð ætti að verða sterkari í allri hagsmunagæslu og sókn fyrir byggðarlagið, en Eyja- og Miklaholtshreppur er í dag. Íbúafjöldi í nýju sveitarfélagi yrði um 3800 íbúar og það yrði 14 fjölmennasta sveitarfélagið á landinu. Væntanlega mun samstarf Eyja- og Miklhreppinga við sveitarfélögin á Snæfellsnesi breytast verulega ef sveitarfélagið sameinast Borgarbyggð.

Gæði og aðgengi að þjónustu

Að okkar mati mun gæði og aðgengi að þjónustu breytast með mismunandi hætti eftir málaflokkum.

Félagsþjónusta og heilbrigðismál

Leiða má líkum að því að núverandi félagsþjónusta Borgarbyggðar taki yfir alla félagsþjónustu í nýju sveitarfélagi en samt sem áður ætti þjónustan að verða með svipuðum hætti og verið hefur. Nýtt sveitarfélag yrði lang stærsti eignaraðilinn að Brákarhlíð.

Menningarmál

Borgarbyggð rekur fimm söfn í dag í Safnahúsi Borgarfjarðar sem yrði væntanlega miðstöð safnastarfs í nýju sveitarfélagi. Hins vegar er óvíst hver aðkoma nýs sveitarfélags yrði að Byggðasafni Snæfellinga, en Borgarbyggð hefur ekki verið aðili að því þrátt fyrir að Kolbeinsstaðarhreppur hafi verið það fyrir sameininguna árið 2006. Nýtt og stærra sveitarfélag ætti að hafa meiri burði til að ráðast í nýjungar hvað varðar menningarmál. Rekstur félagsheimilisins Breiðabliks yrði væntanlega með svipuðum hætti, en heimilið yrði eitt af tíu félagsheimilum í nýju sveitarfélagi.

Brunamál og almannavarnir

Slökkvilið Borgarbyggðar mun væntanlega sjá áfram brunavarnir í Eyja- og Miklaholtshreppi og meiri hvati ætti að verða til staðar varðandi uppbyggingu á aðstöðu og búnaði í Laugargerði. Eyja- og Miklaholtshreppur yrði væntanlega aðili að almannavarnarnefnd Borgarfjarðar, en ekki Snæfellsness. Reyndar hefur verið töluverð umræða um að stofnuð verði almannavarnarnefnd Vesturlands.

Hreinlætismál

Væntanlega verður sorphirða boðin út í nýju sveitarfélagi og stærra sveitarfélaga ætti að ná fram hagræðingu í gegnum útboð.

Umhverfis- og skipulagsmál

Í Borgarbyggð er starfandi umhverfis- og skipulagssvið með 5 starfsmönnum og því líklegt að við sameiningu myndi sú starfsemi sem snýr að umhverfis- og skipulagsmálum styrkjast. Óvíst er hins vegar hver aðkoma yrði að umhverfisvottun Snæfellsness.

Samgöngur og fjarskipti

Samgöngur við Borgarbyggð eru greiðar enda er ekki yfir fjallveg að fara og afar sjaldgæft að vegur teppist. Það er ljóst að framundan er stórt verkefni hjá Borgarbyggð við að leggja ljósleiðara í dreifbýli, en í dag er ljósleiðari aðeins að hluta í dreifbýli. Því má ætla að við sameiningu við Borgarbyggð gæti eignarhald á ljósleiðara orðið flóknara viðfangsefni en í öðrum sameiningarkostum sem hér eru reifaðir.

Atvinnu- og landbúnaðarmál

Ef við gefum okkur að í stærra sveitarfélagi séu tekjur hærri er líklegt að til verði meira svigrúm til þess styðja við nýsköpun í atvinnumálum og efla markaðssetningu í ferðaþjónustu. Hins vegar þarf líka að hafa í huga að í stærra sveitarfélagi þarf að huga að fleiri svæðum og byggðakjörnum og verkefni dreifast víðar. Óvíst er hver aðkoma nýs sveitarfélags yrði að Svæðisgarði Snæfellsness, en áfram yrði aðgengi að atvinnuráðgjöf SSV

og Markaðsstofa Vesturlands að þessum málum. Um 35% íbúa eða ríflega 1300 manns í myndu búa í dreifbýli þannig að málefni landbúnaðar og dreifbýlis ættu að hafa ríkan hljómgrunn í sameinuðu sveitarfélagi.

Fræðslu- og tómstundamál

Borgarbyggð rekur í dag leikskóla í Borgarnesi, á Hvanneyri, á Bifröst og í Reykholtssdal. Grunnskólar eru tveir, en starfsstöðvar á fjórum stöðum; í Borgarnesi, á Hvanneyri, á Kleppjárnsreykjum og á Varmalandi. Auk þess sem keypt er skólavist af Eyja- og Miklaholtshreppi fyrir hluta þeirra barna sem eru á grunnskólaaldri í gamla Kolbeinsstaðarhreppi. Nemendur við grunnskóla eru tæplega 500. Vætanlega yrði mikil umræða um framtíð leik- og grunnskóla í Laugargerði og reyndar sveitarfélaginu öllu ef til sameiningar kæmi. Vegalend frá vestustu bæjum í Eyja- og Miklaholtshreppi í Borgarnes eru um 65 km og það yrði löng vegalengd fyrir skólaakstur. Benda má á að innan Borgarbyggðar er lengsta vegalend frá heimili að skóla í dag um 45 km og alla jafna er miðað við að aksturstími sé ekki lengri en 60 mín aðra leiðina. Því er erfitt að að spá hver verður framtíð Laugagerðisskóla innan sameinaðs sveitarfélags.

Í sameinuðu sveitarfélagi myndu skapast tækifæri fyrir börn og ungmenni til að sækja tónlistarnám og tómstundir í Borgarnes og mögulega myndi nýtt sveitarfélag bjóða upp á tómstundaakstur úr dreifbýli í þéttbýli ef skóli verður áfram á í Laugargerði. Líklegt má telja að ungmennafélagið verði áfram aðili að HSH líkt og ungmennafélagið í Kolbeinsstaðarhreppi gerði.

Lýðræði og stjórnsýsla

Í litlum sveitarfélögum eru fáir íbúar á bak við hvern kjörinn fulltrúa og því aðgengi íbúa að þeim alla jafna gott. Hins vegar dregur úr áhrifum kjörinna fulltrúa ef mörg verkefni sveitarfélags er rekin í gegnum byggðasamlag eða þjónustusamning. (Vífill Karlsson 2014 bls. 48). Íbúar í Eyja- og Miklaholtshreppi ættu í dag að hafa gott aðgengi að sínum fulltrúum og nokkur verkefni eru leyst í gegnum byggðasamlög eða annars konar samstarf, en stærstu verkefnin, grunn- og leikskóli, eru leyst af sveitarfélaginu sjálfu. Með hliðsjón af ofansögðu þá verða fleiri íbúar á bak við hvern sveitarstjórnarfulltrúa í nýju sveitarfélagi en færri verkefni leyst í gegnum byggðasamlög eða þjónustusamninga.

Almennt ætti stjórnsýsla að styrkjast í fjölmennara sveitarfélagi, en öflug stjórnsýsla er nú þegar til staðar í Borgarbyggð, þar sem auðveldara ætti að vera að ráð sérhæft starfsfólk til að sinna lög- og ólögbundnum verkefnum, en þetta er auðvita ekki einhlítt.

Í skýrslu um sameiningu sveitarfélaga sem Vífill Karlsson vann fyrir SSV og var gefin út árið 2014 kemur fram að oftast eru íbúar smærri sveitarfélaga ósáttir með sameiningu og áhrif sín á störf sveitarstjórnar í stærra sveitarfélagi og íbúar upplifa að áhrif flytjist frá jöðrunum að kjarna nýs sveitarfélags. Eyja- og Miklaholtshreppur yrði vissulega í jaðri nýs sveitarfélags en mögulega gæti þessi sameining orðið til þess að styrkja Mýrar og Kolbeinsstaðarhrepp, vesturhluta Borgarbyggðar.

Rekstrarleg hagræðing

Áður hefur komið fram að fjárhagslega staða Eyja- og Miklaholtshrepps er góð og ljóst að fjárhagsstaða Borgarbyggðar er veikari ef helstu kennitölur eru skoðaðar fyrir árið 2016. Oft eru lítil og fámenn sveitarfélög viðkvæmari fyrir áföllum eins og ef öflugt fyrirtæki dregur úr eða hættir starfsemi. Fjölmennari sveitarfélög hafa meiri burði alla jafna til að takast á við slík áföll.

Kannanir sem gerðar hafa verið á sameiningu sveitarfélaga og möguleikum á hagræðingu í kjölfar sameininga benda oft til þess að kostnaður við yfirstjórn sveitarfélags lækkar og hægt er að ná fram hagstæðari samningum við verktaka í krafti stærðarinnar. Á móti kemur að kostnaður við ýmsa aðra málaflokka eykst þegar sveitarfélag verður landstærra. Því verða þessi mál ekki rakin frekar hér.

Helstu kennitölur samstæðu sveitarfélaganna árið 2016. Vakin er athygli á því að Helgafellssveit er ekki með í þessari samantekt.

| | Eyja- og Miklah. | Stykkishólmur | Grundarfjörður | Snæfellsbær | Borgarbyggð |
|---------------------|------------------|---------------|----------------|-------------|-------------|
| Heildartekjur | 140.657 | 1.432.088 | 965.021 | 2.268.038 | 3.935.349 |
| Rekstrarniðurstaða | 22.107 | 43.663 | 36.845 | 217.906 | 427.057 |
| Veltufé frá rekstri | 16,20% | 9,50% | 12% | 16% | 13,80% |
| Skuldahlutfall | 11% | 139% | 140,50% | 64,48% | 119% |
| Eiginfjárlutfall | 93,50% | 29% | 31,30% | 65,92% | 35% |

Lokaorð

Eyja- og Miklaholtshreppur varð til við sameiningu Eyjahrepps og Miklaholtshrepps árið 1994. Frá upphafi hefur sveitarfélagið átt í samstarfi við nágretta sína um ýmis verkefni. Í þessari greinargerð eru helstu samstarfsverkefni rakin og með hverjum þau eru unnin. Því má segja að Eyja- og Miklhreppingar hafi reynslu af hvoru tveggja, samstarfi sveitarfélaga og sameiningu.

Nokkur umræða hefur átt sér stað á Snæfellsnesi undanfarin ár um sameiningu sveitarfélaga og ekki síst eftir að sveitarfélögin á norðanverðu Snæfellsnesi ákváðu að hefja sameiningarviðræður fyrr á þessu ári. Sveitarstjórn Eyja- og Miklaholtshrepps og íbúar í sveitarfélaginu hafa tekið þátt í umræðu um þessi mál og þeirra bíður að taka ákvörðun um framtíð sveitarfélagsins. Valkostirnir eru nokkrir og fyrst þarf að svara þeirri spurningu hvort vilji sé til sameiningar og ef svo er þá þarf að svara því hvaða sameiningarkostur er æskilegastur fyrir Eyja- og Miklaholtshrepp. Í þessari greinargerð kemur fram að sveitarfélagið hefur mögulega nokkra valkosti miðað við núverandi stöðu.

Það er von okkar að þessi greinargerð geti nýst í frekari umræðu um framtíð Eyja- og Miklaholtshrepps og af henni megi hafa gagn við þá ákvörðunartöku sem framundan er.